




SIGÖLDUSTÖÐ Á HOLTAMANNAFRÉTTI

Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna stækkunar

11.02.2025



UMSÓKN UM FRAMKVÆMDARLEYFI

VERK

108676 – Sigöldustöð – stækkun V05

UNNIÐ

Sólveig Olga Sigurðardóttir (SOS)

RÝNT

Ásgeir Jónsson / Axel Valur Birgisson

INNGANGUR

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna stækkunar Sigöldustöðvar sem miðar að auka uppsett afl virkjunarinnar. Uppsett afl stöðvarinnar er nú 150 MW en fyrirhugað er að auka það í 215 MW. Framkvæmdir þær sem umsókn tekur til eru allar í Ásahreppi.

Svæðið sem framkvæmdirnar taka til er í heild um 10-12 ha. Lóð stöðvarhússins er um 1,3 ha að stærð.

Áætlaður framkvæmdatími er 2-3 ár og gengið verði frá svæðinu eins vel og verða má, innan 2ja ára eftir að framkvæmdum lýkur.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vinnubúðir, lagnir ofl. sem tekur til beggja sveitarfélaga, og var samþykkt í skipulagsnefnd Rangárþings ytra þann 6. febrúar 2025 en í skipulagsnefnd UTU þann 15. janúar 2025.

Með þessari umsókn er sótt um:

- Jarðvinnu vegna breikkunar og annarra jarðvegsframkvæmda við að- og frárennslisskurði.
- Bráðabirgðastífla í frárennslisskurð, um 200 m neðan við stöðvarhús.
- Jarðvinnu/uppgröft vegna þrýstipípu og stækkunar stöðvarhúss
- Uppsetningu nýrrar þrýstipípu frá inntaki að nýju stöðvarhúsi
- Stækkun stöðvarhúss, aðstöðu og tengingar fyrir nýja vél (túrbínu) / á síðari stigum verða lögð fram umsókn um byggingarleyfi ásamt teikningum.
- Lagningu helstu vinnuvega á framkvæmdasvæði og eftir atvikum brú við vað í farvegi Tungaár.
- Uppsetningu á fjarskiptamastri, fjarskiptahúsi og lögnum frá Sigöldustöð (rafmagn, ljósleiðari)
- Efnisnám/efnislosun á framkvæmdasvæðum og skilgreindum námum aðalskipulags s.s. E58.

Umsókn þessi um framkvæmdaleyfi er í samræmi við deiliskipulag Sigöldustöðvar m.s.br. Umsókn um byggingarleyfi verður lögð inn á síðari stigum, þar sem nánar er gerð grein fyrir innbyrðis afstöðu bygginga.

Framkvæmdaleyfið verður sent Rangárþingi ytra til umsagnar.


STAÐHÆTTIR

Aðkoma að stöðvarhúsi Sigöldustöðvar er af Sprengisandsleið nr. 26, um Fjallabaksleið nyrðri nr. 208 og um núverandi aðkomuveg af henni. Einnig liggja vegslóðar um svæðið sem verða nýttir meðan á framkvæmdum standur.

Sigöldustöð er rétt ofan við Hrauneyjafossstöð, sunnan við Þórisvatn. Uppsett afl stöðvarinnar er 150 megavött og getur hún unnið 930 gígavattstundir á ári. Stöðin var gangsett í lok árs 1978. Frárennslisskurður tengir Sigöldu við Hrauneyjafossstöð.

Tungnaá er stífluð með Sigöldustíflu efst í gljúfrinu ofan við Sigöldu til að mynda Krókslón, 14 km² miðlunarlón. Stíflan er nærri kílómetra löng og er hæst 40 metrar. Úr Krókslóni er vatni veitt eftir kílómetra löngum aðrennslisskurði yfir ölduna að inntaki á vesturbrún Sigöldu. Þaðan liggja þrjár þrýstivatnspípur að stöðvarhúsinu, sem er að hluta grafið inn í hlíð Sigöldu. Nýtileg fallhæð er 74 metrar. Frá stöðvarhúsinu liggur 550 metra langur frárennslisskurður út í Hrauneyjalón. Stokkur

Stokkur fyrir fjórðu þrýstivatnspípuna var sett í gegnum stífluna að stíflutá á sama tíma og mun ný þrýstivatnspípa verða lögð í þann stakk að lokuvirki í inntaki. Framkvæmdasvæðið er raskað síðan unnið var að byggingu Sigöldustöðvar og einkennist af lítt grónum melum. Ekki er gert ráð fyrir að þar sé að finna minjar því svæðinu hefur verið raskað með efnistöku. Finnist áður óþekktar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar og óheimilt að hrófla við þeim án heimildar stofnunarinnar.



MYNDIR 1-3 Á myndunum má sjá fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Prívíddarvinnsla: EFLA.

SKIPULAG

Sigölduvirkjun er innan iðnaðarsvæðis I6 (Sigölduvirkjun) í Aðalskipulagi Ásahrepps. Í aðalskipulaginu eru heimilaðar framkvæmdir sem tengjast stækkun stöðvarinnar.




MYND 4 Uppdráttur 1 í deiliskipulagi Sigöldustöðvar, staðfest 09.04.2024.

Í gildi er deiliskipulag Sigöldustöðvar, staðfest 09.04.2024 og breyting deiliskipulags staðfest 29.10.2024. Í deiliskipulagi eru heimildir til breytinga/viðhalds á núverandi mannvirkjun, stækkun stöðvarhúss og meiri raforkuframleiðslu ásamt því að frárennisskurður verði breikkaður.

Umsókn þessi um framkvæmdaleyfi er í samræmi við aðalskipulag og gildandi deiliskipulag m.s.br.

UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

Framkvæmdir þær sem sótt er um leyfi fyrir felast í jarðvinnu/uppgreftri vegna breikkunar á frárennslisskurði og bráðabirgðastíflu, þrýstipípu og stækkunar stöðvarhúss, uppsetning nýrrar þrýstipípu frá stíflu að nýju stöðvarhúsi, stækkun stöðvarhúss fyrir nýja vél og jarðvinnu, aðkomu og uppsetningar á fjarskiptamastri. Þá verður gert ráð fyrir efnistöku úr röskuðum svæðum og skilgreindum námusvæðum, geymslu umframefnis á framkvæmdatíma ásamt landmótun og frágangi lands að framkvæmdum loknum.



MYND 5 Yfirlitsmynd sýnir áætlaða staðsetningu fjarskiptamasturs, vinnuvegi og framkvæmdasvæði við Sigöldustöð

Mannvirki og skipulagsskilmálar í deiliskipulagi

Í deiliskipulagi eru settir fram skipulagsskilmálar fyrir lóð stöðvarhúss og inntak Sigöldustöðvar. Í skipulagsskilmálunum kemur fram að uppsett afl stöðvarinnar sé 150 MW og heimilt að auka það í 215 MW með aflaukningu á vélum og nýrri vél. Heimilt er að lengja stöðvarhúsið um allt að 20 m eða byggja nýtt stakstætt hús. Viðbygging eða nýbygging skal taka mið af útliti og yfirbragði núverandi stöðvarhúss. Þá er heimilt að breikka frárennisskurð næst stöðvarhúsinu og allt að 200 m út frá því.

Fjarskiptamastur

Reist verður fjarskiptamastur ofan virkjunar en endanleg staðsetning liggur ekki fyrir. Valin verður leið A eða leið B í samráði við rekstraraðila. Raf- og ljósleiðarastrengir að mastri verða plægðir niður, að mestu meðfram vegslóða.

Jarðvegsvinna / Efnistaka

Mikill uppgröftur fellur til við gröft vegna skeringa fyrir nýtt stöðvarhús og einnig vegna breikkunar frárennisskurðar eftir atvikum aðrar jarðvegsframkvæmdir s.s. við vegargerð, aðrennslispípu að stöðvarhúsi, lagfæringu aðveituskurðar, þegar stífla þarf lón og aðrennslisskurð við tengingu nýrra lagna. Gert er ráð fyrir að uppgröftur nýtist sem fyllingarefni yfir pípu og fyllingu að stöðvarhúsi. Áætlað efnismagn er um 100.000 m³. Uppgröftur sem nýtist ekki verður geymdur á vinnslusvæðum yfir framkvæmdatímann og nýttur til landmótunar og uppgræðslu að framkvæmdum loknum. Einnig verður efni vegna framkvæmda tekið úr námu E58 (Sigalda). Stærð efnistökusvæðis er 1 ha og heimilt er að vinna allt að 49.000 m³ af efni.



MYND 6 Efnistökusvæðið er innan rauða hringsins

Vegir

Aðkomuvegur að Sigöldustöð er af Sprengisandsleið nr. 26, um Fjallabaksleið nyrðri nr. 208 og um núverandi aðkomuveg af henni. Innan svæðisins er hluti vega skilgreindur sem vinnuvegir sem eru aðeins ætlaðir fyrir umferð vegna eftirlits, þjónustu og viðhalds á mannvirkjum.

Líkt og fram kemur í framkvæmdaleyfi vegna vinnubúða verður umferð vinnutækja að vinnubúðum o.fl. að mestu beint um vað í farvegi Tungnaár, ofan við Sigöldufoss. Er það m.a. gert til að draga úr akstri um Fjallabaksleið nyrðri, einkum yfir sumartímann þegar umferð er hvað mest. Gerist þess þörf verður sett bráðabirgðabrá við vaðið til að auðvelda umferð þar yfir. Öll ummerki um akstur við vaðið verða fjarlægð að framkvæmdum loknum.

Brunavarnir

Svæðið er innan starfssvæðis Brunavarna Rangárvallasýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Tryggja skal slökkvivatn og aðgengi að því, s.s. með safntanki, borholu og/eða öruggu aðgengi slökkvibíla að yfirborðsvatni. Magn slökkvivatns, s.s. stærð tanks, skal miðast við brunaálag bygginga. Heimilt er að gera þær ráðstafanir sem talin er þörf á til að tryggja slökkvivatn, s.s. með því að auðvelda aðgengi að yfirborðsvatni.

Sorp

Sorp er flutt í Búrfellsstöð og flokkað þar. Skipulag sorpmála fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

FRÁGANGUR SVÆÐIS

Framkvæmdasvæðið er nánast ógróið og er nú þegar að stærstum hluta raskað vegna fyrri framkvæmda við Sigöldustöð s.s. efnistöku, haugsetningar efnis, vegslóða o.fl. Frágangi lands eftir fyrri framkvæmdir var ekki lokið að fullu. Við lok framkvæmda verður gengið frá svæðinu öllu, m.a. þeim svæðum sem ekki var að fullu gengið frá við fyrri framkvæmdir. Raskist gróður við framkvæmdir skal að lágmarki samsvarandi svæði grætt upp.

Við lokafrágang verður land jafnað og aðlagð að óröskuðu landi umhverfis og leitast við að það fái sem náttúrulegast yfirbragð. Fyrirhugað er að fá ráðgjöf landslagsarkitekts við mótun og frágang lands að framkvæmdum loknum. Útilýsingu verður stillt í hóf og leitast við að beina ljósi niður á vinnusvæðum.

Frágangi verður lokið innan tveggja ára eftir að framkvæmdum lýkur.